

Forðist óþarfa svartsýni

Hefjum nýja sókn í sölustarfsemi

Hér fer á eftir síðari hluti ræðu Pálma Jónssonar á aðalfundi Stéttarsambands bænda.

Um leið og það er yfirlýst stefna í framleiðslumálum landbúnaðarins, að miða mjólkurframleiðsluna sem mest við innanlandsparfir, en framleiðslu sauðfjárafurða við innlandan markað og erlenda markaði, sem teljast viðunandi og nýta til þess lögboðinn rétt okkar til útflutningsuppbóta, þá leggjum við kapp á að efla nýjar búgreinar vegna innanlandsmarkaðar og arðbærs útflutnings og fjölga þannig tekjuöflunarleiðum og bæta möguleika til lífsafkomu í sveitum landsins.

Nýjar búgreinar

Á síðustu árum hefur verulegum fjármunum verið varið til nýrra búgreina og hagræðingarverkefna í sveitum landsins. Á þessu ári hefur verið ráðstafað fé til þessara viðfangsefna samkvæmt jarðræktarlögum og að til lögu stjórnar Framleiðnisjóðs, sem nemur um 5.250.000 kr. Sjóðurinn fékk auk þess aukafjárveitingu, 1.000.000 kr., til þess að sinna eigin viðfangsefnum þ.e. framlögum til uppbyggingar sláturhúsa. Þessum fjármunum hefur verið ráðstafað til svipaðra verkþátta eins og áður, þ.e. til fiskræktar og veiðimála 1.467.000, til að efla fódurverkun 1.965.000, til loðdýraræktar 1.100.000, og til

Ræða Pálma Jónssonar landbúnaðar-ráðherra á aðalfundi Stéttarsambands bænda

— Síðari hluti —

ýmissa verkefna og einstakra tilrauna um 725.000. Ég vænti þess að þetta fé hafi komið að góðum notum, eins og til er ætlast.


Miklar framkvæmdir hafa verið í gangi í fiskeldisstöðvum, fiskvegum og fiskrækt. Alvarlegum áföllum í laxveiðum í tilteknum landslutum á síðustu tveimur árum verður að mæta með auknum rannsóknum á orsökum þeirra. Verulegur stuðningur hefur verið veittur af þessum fjármunum við súgþurrkun hjá bændum, en einnig til að styðja uppbyggingu fóduridnaðar, sem væntanlega á bjarta framtíð í landinu.

Á þessu ári hafa verið veitt nær 80 ný loðdýraleify til refaræktar og má ætla að fjárfestingarkostnaður í mannvirkjum á þeim búum verði ekki undir 15 millj. kr. Varið er fé úr Stofnlánadeild landbúnaðarins og af hagræðingarfé jarð-

ræktarlaga til að styðja þá uppbyggingu. Telja verður að loðdýraræktin gefi góðar vonir og er sjálfsagt að meta framtíðarmöguleika hennar af nokkurri hjartsýni en umfram allt raunsæi. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að beita sér fyrir því að starfsskilyrði til loðdýraræktar verði bætt, þannig að lagaheimildar verði aflað til þess að undanþiggja eða endurgreiða aðflutnings- og sölugjöld, sem leggjast á þessa framleiðslugrein, þannig að um sambærileg starfsskilyrði verði að ræða og í útflutningsiðnaði. Samskonar samþykktir hafa verið gerðar í ríkisstjórninni, að því er varðar fyrirtæki sem starfa að fóduridnaði.

Afkoma refabúanna litur yfirleitt vel út hjá bændum, enda njóta þeir þess að geta selt lífdýr innanlands á háu verði. Verð á refaskinnunum er hátt, en talið er að mjög mikil aukning verði í þeirri framleiðslu, sem þá muni jafnframt fylgja að verðið lækki. Þessi atriði er sjálfsagt að hafa í huga, þegar rætt er um þessa búgrein. Engin ástæða er þó til að ætla, að við Íslendingar getum ekki staðið okkur til jafns við aðra í þessari framleiðslu.

Minkabúum hefur lítið fjölgað síðustu árin vegna þess að veiki, svokölluð plasmacytosis, herjar á þrjú stærstu minkabúin. Samband loðdýraræktarmanna hefur óskað eftir því að leitast verði við að út-



verið veitt eins mörg og kostur er, með tilliti til möguleika á að fá lífdýr innanlands, hafa leyfin verið veitt nokkuð svæðisbundið, þótt nauðsynlegt sé að gefa kost á verulegri dreifingu til þess að bændur kynnist þessari framleiðslugrein í ýmsum héruðum. Þeir bændur hafa verið látnir ganga fyrir, sem geta notað hús sem fyrir eru á jörðinni fyrir þessa starfsemi. Það hvortveggja dregur úr framkvæmdakostnaði og hamlar gegn því að byggingarnar séu notaðar til annarrar framleiðslu. Á þessu ári hefur verið tekið frá sérstakt fé til þess að greiða fyrir auknum sérfræðilegum leiðbeiningum um loðdýrarækt og kemur það í hlut Búnaðarfélagi Íslands að ráðstafa því fé.

Afkoma bænda

Ekki liggja fyrir upplýsingar um afkomu bænda á síðasta ári. Talið er að hún sé misjöfn. Verulegur þorri bænda hefur góðar tekur og trausta afkomu, en einstaka bændur eru taldir eiga í miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Víst er að hin óvenjulegu erfiðu ár, 1979 og 1981, hafa haft mikil áhrif á afkomu bænda. Einnig er víst að sú raunvaxta- og hávaxtastefna, sem fylgt hefur verið síðustu árin, hefur haft mikil áhrif í þá átt að auka mun á afkomu einstakra bænda.

Talið er að vanskil við Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi ekki aukist. Þó eru einstaka bændur í erfiðleikum vegna vanskila við deildina. Ég hef óskað eftir því við Árna Jónasson og Sveinbjörn Dagfinnsson, að þeir taki aðstæður þessara bænda til athugunar og skili um það álit, hvort rétt sé að leysa þeirra mál með fjárhagslegri fyrirgreiðslu.

Eftir viðræður við ríkisskattstjóra er ekki fyrirstaða á því að fá nauðsynleg gögn til að gera sér grein fyrir fjárhagsstöðu bænda í viðari skilningi. Ég tel rétt að vísa því til þessa fundar, hvort og að hve miklu leyti hann telur nauðsynlegt að slík athugun sé gerð.

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur gengið greiðlega að fá stað-

rýma þessum sjúkdómi. Er nú ráð gert fyrir að leyfa nauðsynlegan innflutning á minkum frá Danmörku, að uppfylltum vissum skilyrðum, þannig að unnt verði að skipta um stofn á einu minkabúinu, þ.e. á Sauðárkróki, og flytja inn dýr á 2-3 ný minkabú, þ.á m. að Hólum í Hjaltadal, til þess að stofna þar kennslubú í loðdýrarækt við skólann. Nauðsynlegt er að slík bú risi við báða bændaskólana. Erfitt mun vera að fullyrða að það takist að tryggja að við fáum alheilbrigðan stofn og verða innflytjendur að verða við því búnir, að ef veiki gýs upp í hinum nýja stofni, þá verði að farga honum.

Á þessu ári var skipuð nefnd til þess að gera tillögur um skipulega uppbyggingu fódurstöðva fyrir loðdýraræktina og eftir því skipulagi verði síðan unnið við veitingu leyfa til nýrra loðdýrabúa.

Við veitingu á nýjum leyfum til refaræktar, sem á þessu ári hafa

Listaverkasýning Dana og Íslendinga á Kjarvalsstöðum í Reykjavík árið 1982, á verkum Alberts Thorvaldsens

— eftir Sigurjón Sigurðsson

Þessi sýning á höggmyndalista- verkum Alberts Thorvaldsens á Kjarvalsstöðum er í mjög smáum stíl og ber ekki þann árangur, sem menn höfðu af henni vinst, vegna uppsetningarinnar, myndavals og ytra þrjáls og þess að lítið er þarna af hinum stærri og meiri verkum Thorvaldsens, auðvitað eru þarna mörg mjög falleg og athyglisverð verk.

En í heild er listsýningin hvorki fugl né fiskur vegna ósamræmis og

þrjáls, og er einna mest haft við hattkúf, úr og klukku, sem Danir gáfu Albert þegar hann flutti sig frá Ítalíu til Danmerkur.

Árangurinn af sýningunni hefði sýnilega orðið meiri, ef listaverkin hefðu verið láttlaus sett upp og fengið að njóta sín í opnum sal, þar sem sleppt væri öllu skaðlegu tildri og innrömmun.

En Danir eru alltaf að reyna að fylla upp í tómum í huga sér í sambandi við þá feðga Gottskálk og Albert með umbúðalegum ytri áhrifum.

Þessu hafa þeir haldið áfram til dagsins í dag, í stað þess að reyna

að hafa það, sem sannara reynist.

Ég held að mönnum komi yfirleitt saman um, að Albert og Gottskálk hafi verið mjög vammlausir og trúadír menn, sem helgðu listinni öll markmið sín hjartanlega lausir við græðgi og ágirnd, sem braut í bága við mannlegt menningarlíf og samhjálp.

Þess vegna finnst mönnum hér heima á Íslandi, fæðingarstað Alberts, að Danir og handbendi þeirra hér ættu að hætta langvinnum aðgerðum sínum í að ófrægja þá íslensku feðga, sem hér eiga hlut að máli. Umsögn Dana, sem upp er tekin í sýningarskrá um feðgana

Albert og Gottskálk Thorvaldsen, er nánast ein rökleysa og útrúsnungur frá upphafi til enda.

Sérstaklega er grein Kristjáns Eldjárns gagnrýnisverð.

Kristján Eldjárn segir: „En nú hefur það gerst að Albert Thorvaldsen hefur hætt við að senda þennan skírnarfont eins og hann hafði ákveðið. Þess í stað hefur hann selt norskum kaupmanni og það án þess að áletrunin til Íslands væri máð af honum.“

Finnst Kristjáni Eldjárni virkilega þetta svo líkleg saga, að hún eigi erindi í sýningarskrá fyrir

höggmyndalist á Íslandi á því herrans ári 1982?

Þegar þetta á að hafa skeð, er Albert Thorvaldsen á hátindi frægðar sinnar, virtur listamaður, sem ekki skortir fé, heldur þvert á móti er hann stórauðgur. Albert meitlar með eigin hendi skírnarsáttmála sinn á skírnarfontinn, sem hann gefur fódurlandi sínu og fæðingarsveit.

Þessi áletrun Alberts á skírnarfontinn talar sínu máli og ætti ekki að hvarfla að neinum að misskilja hana og allra síst Kristjáni Eldjárni.

J.M. Thiele segir þannig orðrétt



Blaðburðarfólk óskast!

Upplýsingar í síma **35408**

Morgunblaðið

Ertu með?

Austurbær

Laugavegur neðri
Skólavörðustígur
Hverfisgata 63—120
Grænahlið
Fellsmúli 2—26 (jafna talan)
Fellsmúli 5—19 (staka talan)
Flókgata 1—51

Úthverfi

Síðumúli
Drekavogur
Karfavogur
Kópavogur
Lundarbrekka
Fossvogur I
Efstaland
Dalaland

Ríkisstarfsmenn í BSRB



Utankjörstaða atkvæðagreiðslan um aðalkjarsamninginn er á skrifstofunni, Grettisgötu 89, á skrifstofutíma til föstudagsins 17. september.

Yfirkjörstjórn.